

Jónshús, félagsmiðstöð fyrir eldri borgara
Strikið 6
Sjálandi, 210 Garðabæ

Aðstaða fyrir:
Snyrtistofu

Leigurými og forsendur útleigu

Ágúst 2018

Garðabær hefur áhuga á að leigja út húsnæði í Jónshúsi, félagsmiðstöð eldri borgara við Strikið 6 í Garðabæ, til reksturs snyrtistofu. Hér á eftir er kynning á húsnæðinu og þeim upplýsingum sem Garðabær óskar eftir, til að geta tekið afstöðu til hvort ganga eigi til samninga um leigu á húsnæðinu við viðkomandi aðila.

Garðabær mun leita eftir samningi við þann aðila sem talinn er líklegastur til að þjóna eldri borgurum og öðrum íbúum í Garðabæ sem best fyrir sanngjarnt verð og verður í því sambandi horft til eftirfarandi þátta:

- ☐ Loforð um væntanlega þjónustu
- ☐ Leiga
- ☐ Almenn gjaldskrá, gjaldskrá fyrir eldri borgara í Garðabæ

Starfsemin í húsinu

Í Jónshúsi er rekin félagsmiðstöð fyrir eldri borgara í Garðabæ þar sem er fjölbreytt félagsstarf, námskeið, viðburðir og opið hús. Boðið er upp á hádegismat og kaffihlaðborð í kaffiteríu auk þess sem Félag eldri borgara í Garðabæ er með skrifstofu í Jónshúsi. Jónshús er opið alla virka daga.

Húsnæðið og afhending

Húsnæðið sem leigja á út er hluti af Jónshúsi. Meðfylgjandi er teikning sem sýnir grunnmynd af aðstöðunni og staðsetningu hennar í húsinu. Leigjendur hafa aðgang að almennum salernum í Jónshúsi.

Húsnæði snyrtistofu

Leigusaliinn (Garðabær) skilar húsinu með innréttingum að frátöldum sérhæfðum stólum. Frekari sérhæfðar innréttingar og allur búnaður er kostaður af leigutaka. Rými fyrir snyrtistofu er 12,1 m² auk salernisaðstöðu, 3,3 m² alls 15,4 m² Breytingar á innra skipulagi er háð samþykki leigusala.

Miða skal við að kostnaður vegna rafmagnsnotkunar og hita- verði innifalið í leiguverði.

Áætlað er að væntanlegur leigjandi fái aðstöðuna afhenta til afnota við undirritun leigusamnings.

Væntanlegur rekstur

Leigusali gerir það að skilyrði að í húsnæðinu sé rekin snyrtistofa. Að öðru leyti er höfðað til væntanlegs leigjanda um að kynna sinn rekstur og hvernig hann muni þjóna eldri borgurum og öðrum íbúum í Garðabæ sem best.

Breyting á gjaldskrá er ávallt háð samþykki leigusala.

Væntanlegur samningur

Húsnæði snyrtistofu

Gerður verður þriggja ára leigusamningur vegna húsnæðisins. Samningurinn verður uppsegjanlegur af beggja hálfu með eins mánaða fyrirvara fyrstu sex mánuðina og með sex mánaða fyrirvara eftir það.

Í leigusamningi skal kveðið á um að fjárhæð húsaleigu breytist eftir hverja 12 mánuði í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

Upplýsingar frá væntanlegum leigjendum

Skila skal upplýsingum um væntanlegan leigjanda og rekstur á bæjarskrifstofur Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ, eigi síðar en föstudaginn 31. ágúst kl. 12:00. Gögnin skulu vera í lokuðu umslagi merkt: „**Jónshús - snyrtistofa**“.

Upplýsingarnar skulu a.m.k. innihalda:

1. Lýsingu á væntanlegum rekstri og þeirri þjónustu sem bjóða á upp á. Í þessu sambandi er mikilvægt að gera a.m.k. grein fyrir:
 - fjölbreytni þjónustunnar
 - aðgengi að þjónustunni þ.m.t. opnunar- og biðtími
 - umfangi starfseminnar
2. Fjárhæð leigu og útfærsla á greiðslum t.d. m.t.t. kostnaðar við innréttingar og lengd leigutíma.
3. Kynningu á gjaldskrá.
4. Kynningu á eignar- og rekstrarformi, aldri og fjárhagsstöðu fyrirtækisins.
5. Kynningu á fyrri og núverandi rekstri.

Samningur verður gerður við einn aðila. Komi til samninga áskilur leigusali sér rétt til að óska eftir frekari upplýsingum í öllum liðum.

Ákvörðun um samningsaðila, eða um að ekki verði gengið til samninga, verður kynnt öllum þeim sem senda inn ósk um að taka húsnæðið á leigu.

Frekari upplýsingar um verkefnið

Væntanlegir leigjendur geta óskað eftir frekari upplýsingum með því að senda skriflegar fyrirspurnir á netfangið ingibjorg@gardabaer.is fyrir 20. ágúst merktar „**Jónshús - snyrtistofa**“. Svör við spurningunum og spurningarnar verða sendar með tölvupósti til allra sem hafa skráð netfangið sitt þegar gögnin voru sótt á vef Garðabæjar í síðasta lagi 24. ágúst 2018.

Húsnæðið er til sýnis. Áhugasamir bóki tíma í síma 824 2201.